

Skólapúlsinn Vorskýrsla 2020

1 Inngangur

Samkvæmt lögum um grunnskóla nr. 91/2008, 36. gr. ber öllum grunnskólum að framkvæma kerfisbundið sjálfsmat á starfsemi sinni. Megintilgangur með sjálfsmati er að kanna hvort tekist hafi að ná markmiðum skólans, að greina veika og sterka þætti skólastarfsins og bæta það sem bæta þarf en um leið styrkja jákvæða þætti. Skólanum ber að koma til móts við þá sem standa að skólasamfélaginu og þannig móta í sameiningu gott skólastarf. Sjálfsmat á stöðugt að vera í gangi og er langtímamiðað og er það lykillinn að því að gera góðan skóla betri.

Skólar geta valið hvaða aðferðum þeir beita í sjálfsmatsvinnunni en sjálfsmatið sjálft verður að byggja á fjölbreyttum greiningargögnum miðað við aðstæður og viðfangsefni hverju sinni og hafa ber í huga að þeir sem koma helst að skólanum, starfsfólk, foreldrar og nemendur taki þátt í sjálfsmatinu og komi þannig sínum sjónarmiðum að. Grunnskólar skulu birta á heimasíðu skólans upplýsingar um framkvæmd innra mats, helstu niðurstöður og leiðir til úrbóta og er þessi skýrsla m.a. liður í því að gera sjálfsmat skólans opinbert.

Skólastjóri ber ábyrgð á framkvæmd innra mats skólans.

2 Starfsemi og áherslur skólans

2.1 Skólinn.

Höfðaskóli á Skagaströnd er grunnskóli með 86 nemendur í 1. til 10. bekk. Við skólann störfuðu 12 kennarar og leiðbeinendur í mismiklum starfshlutföllum ásamt sex stuðningsfulltrúum, einum skólaliða og húsverði. Þá hefur skólahjúkrunarfræðingur fastan viðtalstíma í skólanum og sinnir almennri heilsugæslu. Skólastarfinu er skipt í tvær annir: haust- og vorönn. Kennsludagar voru 175. Nemendum og starfsfólki býðst að kaupa heitar skólamáltíðir í hádeginu. Gott samstarf er milli Höfðaskóla og Tónlistarskóla Austur-Húnavatssýslu. Nemendur sem stunda tónlistarnám fá að fara úr almennum tímum í skólanum í tíma í tónlistarskólanum og eru tónlistartímarnir skipulagðir þannig að nemendur mæta á

mismunandi tímum frá viku til viku. Þá er tónlistarnám viðurkennt sem ein af valgreinum í eldri bekkjum skólans.

2.2 Stefna skólans og áherslur

Stefna skólans eða yfirmarkmið hans koma fram í einkunnaorðunum skólans *Vinsemd-Virðing-Styrkur*. Þar er vísað til þess að öllum beri að sýna samferðafólki sínu vinsemd og virðingu þrátt fyrir að við erum ólík og jafnvel ósammála um mikilvæg atriði. *Vinsemd* og *virðingu* er ekki hægt að kaupa sér heldur verður maður að öðlast hvort tveggja með eigin framkomu og hegðun. *Styrkur* vísar til þess að til þess að vera virkur og hamingjusamur einstaklingur í lýðræðislegu samfélagi er ekki nóg að vera læs og skrifandi. Allir þurfa að efla styrk sinn á breiðu sviði án þess þó að það komi niður á öðrum. Skólinn er samstarfsaðili grunnskólanna í Húnavatnssýslunum báðum um endurmenntun starfsmanna. Fræðslustjóri skipuleggur námskeið í samráði við stjórnendur skólanna.

3 Innra mat skólans skólaárið 2020-2021

3.1. Greiningargögn

Til að sjálfsmat sé raunhæft og áreiðanlegt er nauðsynlegt að fram fari viðtæk og sem fjölbreytilegust gagnaöflun er varðar skólastarfið. Skólinn notar greiningartæki Skólapúlsins við gagnaöflunina en einnig ýmsar líðan- og tengslakannanir, foreldra- og starfsmannaviðtöl, niðurstöður samræmdra prófa, bekkjarnámskrár, almennt námsmat skólans, kennara- og starfsmannafundi, teymisfundi og ýmsar skimanir, með von um að sem áreiðanlegastar upplýsingar við sjálfsmatið náist.

3.2 Sjálfsmatsáætlun 2020-2021

TÍMI	Áætlun um framkvæmd	Framkvæmdaraðilar og þátttakendur
Mai	<ul style="list-style-type: none"> ➤ <i>Sjálfsmatsskýrsla</i> fyrra árs kynnt starfsmönnum skólans, skólaráði og fræðslunefnd. ➤ <i>Sjálfsmatsskýrsla</i> sett á heimasíðu skólans. 	Skólastjórnendur, starfsmenn, skólaráð og fræðsluyfirvöld.
Ágúst – sept.	<ul style="list-style-type: none"> ➤ Umbótaáætlun kynnt ➤ Kennsluáætlanir unnar og kynntar nemendum og foreldrum ➤ Haustfundir með forráðamönnum. ➤ Starfsmannasamtöl skólastjóra. ➤ Lesferill lagður fyrir 2.-10.b. 	Skólastjórnandi, umsjónarkennarar og forráðamenn
Október GAGNA ÖFLUN. Skóla- púlsinn	<ul style="list-style-type: none"> ➤ Skólapúlsinn - nemendakönnun ➤ <i>Líðan- og tengslakannanir</i> lagðar fyrir nemendur allra bekkja. Unnið úr niðurstöðum á teymisfundum. ➤ Lesferill lagður fyrir 1.b. 	Skólastjóri Umsjónarkennarar Nemendur
Nóv. – des.	<ul style="list-style-type: none"> ➤ Unnið úr niðurstöðum nemendakönnunar Skólapúlsins og hugmyndir að umbótum lagðar fram. 	Skólastjórnendur, sérkennari, umsjónarkennarar, foreldrar og nemendur
Janúar – mars GAGNA ÖFLUN skóla- púlsinn	<ul style="list-style-type: none"> ➤ <i>Líðana- og tengslakannanir</i> lagðar fyrir nemendur í 1.-10. b. ➤ <i>Foreldraviðtöl</i> í jan., unnið úr niðurstöðum. ➤ Lesferill lagður fyrir 1.-10.b. ➤ <i>Starfsmannasamtöl</i> (mars) og unnið úr þeim atriðum sem þar koma fram og tengjast mati á skólastarfi. . ➤ Skólapúlsinn - foreldrar í febrúar og starfsfólk í mars. 	Skólastjórnendur Sérkennari, Umsjónarkennarar, Foreldrar Nemendur.
Apríl – júní GAGNA ÖFLUN, Skóla- púlsinn	<ul style="list-style-type: none"> ➤ Lesferill lagður fyrir 1.-10.b. (maí) ➤ Skólapúlsinn - nemendur (apríl) ➤ <i>Sjálfsmatsskýrsla</i> vetrarins unnin. Hugmyndir að umbótum sem byggja á mati skólaársins. 	Skólastjórnendur Umsjónarkennarar

Að auki eru *logoskimanir* lagðar fyrir nemendur eftir þörfum allan veturinn. Nánar um læsi má sjá í læsisstefnu skólans.

3.3 Skólapúlsinn

Höfðaskóli notar spurningalista frá Skólapúlsinum til að auðvelda sér vinnuna við heildstætt sjálfsmat skólans. Skólapúlsinn er vefkerfi sem miðar að því að veita skólastjórnendum stöðugan aðgang að nýjum upplýsingum sem aflað er reglulega yfir veturinn um þætti sem tengjast virkni nemenda og líðan þeirra í skólanum og um skóla- og bekkjaranda. Matið er langtímamiðað þannig að auðvelt er að bera saman stöðuna milli mánaða og frá ári til árs. Mikil hagræðing er í notkun kerfisins þar sem framkvæmd er sjálfvirk greining niðurstaðna og birting þeirra er einnig sjálfvirk. Niðurstöður um stöðu nemenda eru bornar saman við niðurstöður fyrri mælinga í skólanum og við landsmeðaltal sem gefur skýrar vísbendingar um þróun mála í skólanum og stöðu nemenda í skólanum miðað við nemendur í öðrum skólum á landinu.

Nemendakannanir eru tvær og lagðar fyrir nemendur í 6.- 10. bekk í október og apríl. Sömu spurningar eru lagðar fyrir í bæði skiptin og fjalla þær um nám og líðan nemenda í skólanum í eftirfarandi flokkum:

1. Virkni nemenda í skólanum
2. Líðan og heilsa
3. Skóla- og bekkjarandi

Aftast í spurningalistanum eru tvær opnar spurningar þar sem nemendur tjá sig frjálst um hvað þeim þykir gott og hvað mætti betur fara í skólanum. Þessi svör gefa oft vísbendingar um hvað liggur að baki tölulegum niðurstöðum um líðan og virkni.

Starfsmannakönnun fer fram í mars og mælir 20 – 28 þætti (fer eftir starfsmanni) í sex flokkum::

1. Starfið (Allir starfsmenn svara)
2. Starfsmenn (Allir starfsmenn svara)
3. Vinnustaðurinn (Allir starfsmenn svara)
4. Stjórnun (Allir starfsmenn svara)
5. Kennarar (Kennarar svara)
6. Starfsumhverfi kennara (Kennarar svara)

7. Símenntun kennara (Kennarar svara)
8. Opin svör (Allir starfsmenn svara)

Foreldrakönnunin er lögð fyrir í febrúar og mælir hún 41 þátt í eftirfarandi fimm flokkum:

1. Nám og kennsla
2. Velferð nemenda
3. Aðstaða og þjónusta
4. Foreldrasamstarf
5. Heimastuðningur
6. Opin svör

Niðurstöður eru settar fram á skýran og auðskiljanlegan máta með prósentutölum og skífu- eða súluritum. Áætlun Skólapúlsins gerir ráð fyrir að spurt sé um mismunandi efnisflokka hverju sinni en þó er spurt um líðan nemenda á hverju ári.

3.4 Markmiðssetning og viðmið

Út frá niðurstöðum sem Skólapúlsinn sendir skólunum má lesa hvar skólinn stendur miðað við landsmeðaltal. Einnig má sjá samanburð milli bekkja og kynja innan skólans. Hátt gildi á kvarðanum sýnir að viðkomandi þáttur sýnir sterkt einkenni nemenda í skólanum. Skólapúlsinn gefur út sem viðmiðunarreglu að **munur upp á 0,5** stig telst **ekki** mikill munur, **munur upp á 1.0 stig** telst **töluverður** munur og **munur upp á 1,5 stig** og meira telst **mikill eða mjög mikill** munur.

Skólinn hefur sett sér það viðmið að sé niðurstaða skólans meira en 0,5 stigum undir landsmeðaltali beri að skoða það alvarlega og gera tillögur til úrbóta. Það sem væri svipað landsmeðaltali og niður að 0,5 stigunum þyrfti að skoða og ákvarða um framhaldið út frá mikilvægi og/eða hvort munur væri milli kynja eða bekkja. Allt yfir landsmeðaltal væri gott og þyrfti ekki að skoða nánar en þó haft í huga til að festa styrkleika í sessi.

3.5 Túlkun gagna og kynning á niðurstöðum

Allt utanumhald og túlkun gagna er í höndum skólastjóra sem síðan kynnrir og ræðir niðurstöður á kennarafundum og vinnufundum eftir því sem við á. Skýrsluna ber að setja á heimasíðu skólans og senda formanni fræðslunefndar til kynningar.

4 Niðurstöður og umbætur

4.1 Foreldraviðtöl

Foreldrar og umsjónarkennarar hittust tvisvar sinnum á skólaárinu á formlegum fundum. Í upphafi skólaársins eru kennarar með námsefniskynningu í hverri bekkjardeild þar sem umsjónarkennari fer yfir námsefni og starf vetrarins. Í janúar eru einstaklingsviðtöl þar sem umsjónarkennari, forráðamenn og nemandi hittast og fara m.a. yfir stöðu og gengi nemandans í námi. Niðurstöður viðtalanna eru trúnaðarmál og farið með þær sem slíkar. Ef upp koma mál sem eru þess eðlis að þau eigi erindi til skólastjóra og/eða nemendaverndarráðs er þeim komið þangað svo hægt sé að koma þeim í umbótaferli. Önnur mál eru leyst strax með þeim sem þau varðar.

4.2 Starfsmannasamtöl

Starfsmannaviðtöl fara fram að hausti og aftur að vori. Þau eru trúnaðamál skólastjóra og starfsmanns og eru um allt sem snertir starfið og reynt að hafa þau umbótamiðuð.

4.3 NEMENDAKÖNNUN 6.-10.b.



Spurningarnar í hverri könnun skiptast í nokkra flokka. Í nemendakönnun er spurt um *virgni nemenda í skólanum, líðan og heilsu nemenda og skóla- og bekkjaranda.*





4.3.1 Virgni nemenda í skólanum

1. Virgni nemenda í skólanum

Matsþættir ↑↓	Niðurstaða	N	Breyting	Landið	N	Mismunur
1.1. Ánægja af lestri	4,8	77	0,1	4,7	11.994	0,1
1.2. Þrautseigja í námi	4,5	80	0,0	4,8	12.008	-0,3
1.3. Áhugi á stærðfræði	5,6	80	0,6	5,1	12.227	0,5*
1.4. Ánægja af náttúrufræði	4,7	81	-0,0	4,8	12.224	-0,1
1.5. Trú á eigin vinnubrögð í námi	4,2	81	-0,5	4,8	12.017	-0,6*
1.6. Trú á eigin námsgetu	4,0	81	0,0	4,7	12.219	-0,7*

Flokkurinn virgni nemenda í skólanum kemur mun betur út í ár en í fyrra. Ánægja af lestri fer örlítið upp á við og sama má segja um þrautseigju í námi en þar á bakvið liggja spurningar sem snúa að því hversu vel eða illa nemendur segjast leggja að sér í náminu. Ánægja af stærðfræði heldur áfram að aukast og er nú komin töluvert yfir landsmeðaltal sem er virkilega ánægjulegt. Ánægja af náttúrufræði hefur aukist milli ára og einnig aukist síðan í haust. Trú nemenda á eigin vinnubrögðum hefur þó dalað síðan í fyrra en aukist innan skólans síðan í haust. Trú á eigin námsgetu aukist. Hér fyrir neðan má sjá samanburð á svörum nemenda milli mánaða, þ.e. frá því í október og nú í apríl s.l.





4.3.2. Líðan og heilsa


2. Líðan og heilsa

Matsþættir ↑↓	Niðurstaða	N	Breyting	Landið	N	Mismunur
2.1. Sjálfsálit	4,7	81	-0,2	4,6	11.991	0,1
2.2. Stjórn á eigin lífi	4,6	81	0,3	4,6	11.974	0,0
2.3. Vellíðan	4,3	81	-0,3	4,6	12.167	-0,3
2.4. Áhyggjur og stress - ástæður	-	24	-	-	-	-
2.5. Einelti	5,1	81	-0,0	5,4	12.149	-0,3
2.6. Tíðni eineltis	8,8%	7 _{/80}	1,0%	12,9%	1583 _{/12106}	-4,1%
2.7. Staðir eineltis	-	7	-	-	-	-
2.8. Tíðni hreyfingar - 2 í viku eða oftar	44,9%	35 _{/78}	-5,1%	45,6%	5334 _{/11809}	-0,7%
2.9. Hollt mataræði	4,0	80	-0,3	4,7	11.930	-0,7*


Sjálfsálit nemenda hefur aðeins dalað milli ára og einnig milli mánaða sem er eitthvað sem við þurfum að taka til skoðunar og vinna með. Nemendur telja sig þó hafa meiri

stjórn á eigin lífi en áður. Vellíðan nemenda hefur aðeins dalað milli ára en hækkað milli mánaða innan skólans. Undir áhyggjur og stress eru opin svör þar sem nemendur hafa tækifæri til að segja frá því sem liggur þeim á hjarta. Nemendur upplifa að minna sé um baktal og að þau séu skilin útundan og tíðni eineltis hefur minnkað mjög á milli mánaða og er töluvert undir landsmeðaltali. Nemendur hreyfa sig oftár en þeir gerðu á haustmánuðum og er Höfðaskóli á pari við landið í tíðni hreyfingar. Hollt mataræði hefur aðeins dalað og virðast nemendur til að mynda borða of lítið af ávöxtum og grænmeti.


2.1. Sjálfsálit – Innan skólaárs




2.2. Stjórn á eigin lífi – Innan skólaárs




2.3. Vellíðan – Innan skólaárs




2.5. Einelti – Innan skólaárs




2.6. Tíðni eineltis – Innan skólaárs



2.8. Tíðni hreyfingar - 2 í viku eða oftar – Innan skólaárs



2.9. Hollt mataræði – Innan skólaárs



4.3.3 Skóla- og bekkjarandi


3. Skóla- og bekkjarandi

Matsþættir ↑↓	Niðurstaða	N	Breyting	Landið	N	Mismunur
3.1. Samsömun við nemendahópinn	5,1	80	-	5,0	11.923	0,1
3.2. Samband nemenda við kennara	5,2	80	-0,2	5,0	12.114	0,2
3.3. Agi í tímum	4,5	80	0,1	4,9	12.107	-0,4
3.4. Virk þátttaka nemenda í tímum	5,0	79	-0,2	5,1	12.084	-0,1
3.5. Tíðni leiðsagnarmats	5,5	80	-	5,0	12.074	0,5*


Nemendur samsama sig betur við nemendahópinn er þeir gerðu í haust og er Höfðaskóli kominn upp fyrir landsmeðaltal. Samband nemenda við kennara hefur batnað töluvert síðan í haust og er komið nokkuð fyrir ofan landsmeðaltal. Agi í

tímum hefur einnig aukist samkvæmt nemendum og nemendur taka nú meiri þátt í kennslustundum en þeir gerðu fyrst í haust. Leiðsagnarmat hefur einnig aukist síðan í haust og er fyrir ofan landsmeðaltal, þar sem við viljum vera í þeim efnum.


3.1. Samsömun við nemendahópinn – Innan skólaárs




3.2. Samband nemenda við kennara – Innan skólaárs




3.3. Agi í tímum – Innan skólaárs



3.4. Virk þátttaka nemenda í tímum – Innan skólaárs



3.5. Tíðni leiðsagnarmats – Innan skólaárs



4.4 FORELDRAKÖNNUN

Spurningar foreldra eru flokkaðar í eftirfarandi flokka: *nám og kennsla, velferð nemenda, aðstaða og þjónusta, foreldrasamstarf, heimastuðningur og opin svör.*

4.4.1 Nám og kennsla

1. Nám og kennsla

Matsþættir ↑↓	Niðurstaða	N	Breyting	Landið	N	Mismunur
1.1. Ánægja foreldra með nám og kennslu í skólanum	5,1	43	-0,7	5,2	2.573	-0,1
1.2. Ánægja foreldra með stjórnun skólans	85,4%	35 _{/41}	1,6%	92,5%	2236 _{/2405}	-7,1%*
1.3. Hæfileg þyngd námsefnis í skólanum að mati foreldra	85,4%	35 _{/41}	-9,9%	85,3%	2150 _{/2506}	0,1%
1.4. Hæfilegur agi í skólanum að mati foreldra	70,0%	28 _{/40}	-11,0%	72,6%	1794 _{/2397}	-2,6%

85% foreldra telja flesta kennara hæfa og metnaðarfulla og eru ánægðir með kennsluaðferðirnar sem notaðar eru í skólanum. Ánægja með stjórnun skólans fer upp á milli ára og telja 85% foreldra skólanum mjög vel stjórnað. Sömuleiðis telja 85% foreldra barnið þeirra fá námsefni við hæfi og 70% telja hæfilega mikinn aga í skólanum.

4.4.2 Velferð nemenda

2. Velferð nemenda

Matsþættir ↑↓	Niðurstaða	N	Breyting	Landið	N	Mismunur
2.1. Ánægja foreldra með samskipti starfsfólks við nemendur	5,1	45	-0,2	5,0	2.470	0,1
2.2. Ánægja foreldra með hve vel skólinn mætir þörfum nemenda	88,4%	38 _{/43}	-4,7%	88,7%	2207 _{/2455}	-0,3%
2.3. Líðan nemenda í skólanum að mati foreldra almennt	86,0%	37 _{/43}	-7,0%	91,5%	2386 _{/2583}	-5,5%
2.4. Líðan nemenda í kennslustundum að mati foreldra almennt	83,7%	36 _{/43}	-11,6%	90,6%	2360 _{/2569}	-6,9%*
2.5. Líðan nemenda í frímínútum að mati foreldra almennt	85,7%	36 _{/42}	-5,0%	90,3%	2316 _{/2540}	-4,6%
2.6. Umfang eineltis í skólanum að mati foreldra	11,6%	5 _{/43}	7,0%	8,9%	215 _{/2548}	2,7%
2.7. Ánægja foreldra með úrvinnslu skólans á eineltismálum	40,0%	2 _{/5}	-17,1%	59,5%	216 _{/364}	-19,5%
2.8. Ánægja foreldra með hraða á úrvinnslu skólans á eineltismálum	60,0%	3 _{/5}	10,0%	55,2%	202 _{/357}	4,8%
2.9. Ánægja foreldra með eineltisáætlun skólans	73,3%	22 _{/30}	3,1%	82,3%	1301 _{/1548}	-9,0%
2.10. Meðaltímabil eineltis	1,8	6	-0,2	1,4	401	0,4
2.11. Staðir innan skólans sem einelti á sér stað	-	6	-	-	-	-

90% foreldra eru mjög ánægð eða frekar ánægð með samskipti starfsfólks við nemendur. Tæp 90% eru mjög ánægð eða frekar ánægð með það hvernig skólinn mætir þörfum nemenda. 86% foreldra telja að barninu sínu líði mjög vel í skólanum og tæð 84% að barninu líði mjög vel í kennslustundum. 5 af 43 svarendum segja barnið sitt lagt í einelti og við því þurfum við að bregðast. Til þess að hægt sé að leysa málin vel þurfa foreldrar að upplýsa skólann um það sem þeir telja vera að svo hægt sé að bregðast við. Af þeim 5 telja 2 að frekar svel sé tekið á eineltinu af hendi skólans og 3 telja að það sé gert frekar illa. 3 af 5 eru aftur á móti ánægðir með hraðan á úrvinnslu eineltismála Telja tæp 74% að vel sé unnið eftir eineltisáætlun skólans. Eineltisáætlun skólans virðist vera að virka þar sem 4 af 5 foreldrum segja eineltið hafa staðið yfir í 1 ár eða skemur.

4.4.3 Aðstaða og þjónusta

3. Aðstaða og þjónusta

Matsþættir ↑ ↓	Niðurstaða	N	Breyting	Landið	N	Mismunur
3.1. Ánægja foreldra með aðstöðu í skólanum	5,2	43	-0,2	5,5	2.533	-0,3
3.2. Ánægja foreldra með tómsundabjónustu	4,5	32	-0,4	5,0	1.599	-0,5
3.3. Hlutfall nemenda í tómsundabjónustu/frístundaheimili	83,7%	36 _{/43}	4,7%	63,5%	1693 _{/2508}	20,2%*
3.4. Ástæður fyrir því að nemendur nýta ekki tómsundabjónustu	-	7	-	-	-	-
3.5. Ánægja foreldra með máltíðir í mötuneyti	45,7%	16 _{/35}	-22,6%	76,3%	1800 _{/2281}	-30,6%*
3.6. Notkun á mötuneyti	85,7%	36 _{/42}	-9,6%	91,3%	2369 _{/2572}	-5,6%
3.7. Ástæður þess að nemendur nýta ekki mötuneyti	16,7%	1 _{/6}	16,7%	4,8%	13 _{/201}	11,9%

Tæp 90% foreldra eru ánægð með aðstöðuna á skólalóðinni og ánægð með möguleika á tómsundaiðkun að loknum skóladegi. Tæp 98% foreldra eru ánægð með aðgang nemenda að tölvum í skólanum og tæp 93% með aðbúnað í almennum kennslustofum. Aftur á móti eru aðeins 72% ánægð með list- og verkgreinaaðstöðu í skólanum og aðeins rúm 36% ánægð með mötuneytisaðstöðu skólans. 93% eru ánægð með aðstöðu til íþróttakennslu. 83,7% foreldra nemenda á yngsta stigi eru með börnin sín í frístund eftir skóla og þau sem svara því neitandi segja ástæðuna vera að þau þurfi ekki á þjónustunni að halda. Tæp 86 % nemenda eru skráð í mötuneyti skólans en aðeins tæp 46% eru ánægð með mötuneytið.

4.4.4 Foreldrasamstarf

4. Foreldrasamstarf

Matsþættir ↑↓	Niðurstaða	N	Breyting	Landið	N	Mismunur
4.1. Frumkvæði kennara að foreldrasamstarfi	4,5	47	-1,0	5,0	2.478	-0,5*
4.2. Áhrif foreldra á ákvarðanir varðandi nemendur	70,5%	31 _{/44}	11,9%	62,0%	1418 _{/2189}	8,5%
4.3. Leitað eftir tillögum frá foreldrum og ábendingar teknar til greina	62,2%	23 _{/37}	-2,8%	69,6%	1350 _{/1895}	-7,4%
4.4. Þættir í skólasterfinu sem foreldrar hafa áhrif á	-	35	-	-	-	-
4.5. Þættir í skólasterfinu sem foreldrar vilja hafa meiri áhrif á	-	27	-	-	-	-
4.6. Ánægja með síðasta foreldraviðtal	93,2%	41 _{/44}	-2,1%	95,0%	2361 _{/2488}	-1,8%
4.7. Málefni sem rædd voru í síðasta foreldraviðtali	-	46	-	-	-	-
4.8. Þátttaka foreldra í gerð námsáætlunar með nemandanum	51,2%	21 _{/41}	9,4%	59,7%	1318 _{/2219}	-8,5%
4.9. Mikilvægi þess að gera námsáætlun með nemandanum að mati foreldra	76,9%	30 _{/39}	1,9%	88,4%	1806 _{/2056}	-11,5%*
4.10. Ánægja foreldra með heimasíðu skólans	89,4%	42 _{/47}	14,9%	81,7%	1998 _{/2448}	7,7%
4.11. Foreldrar upplýstir um stefnu skólans og námskrá	73,8%	31 _{/42}	6,4%	75,6%	1957 _{/2522}	-1,8%

Foreldrar telja frumkvæði kennara að foreldrasamstarfi vera að minnka og það þurfum við að bæta. 70,5% foreldra telja sig fá að hafa áhrif á þær ákvarðanir sem teknar eru tengdar barninu þeirra í skólanum. 93,2% foreldra voru mjög ánægðir með síðasta foreldraviðtal.

4.4.5 Heimastuðningur


5. Heimastuðningur

Matsþættir ↑↓	Niðurstaða	N	Breyting	Landið	N	Mismunur
5.1. Virkni foreldra í námi barna sinna	4,7	48	-0,1	5,0	2.523	-0,3
5.2. Vilji nemenda til að leita eftir þátttöku foreldra í náminu	4,2	48	-0,1	4,6	2.506	-0,4
5.3. Hæfileg heimavinna að mati foreldra	83,3%	35 _{/42}	6,6%	76,9%	1693 _{/2205}	6,4%
5.4. Tími sem foreldrar aðstoða við heimanám	41,9%	18 _{/43}	2,8%	60,2%	1434 _{/2388}	-18,3%*
5.5. Væntingar foreldra um háskólanám	62,9%	22 _{/35}	5,0%	72,5%	1357 _{/1848}	-9,6%
5.6. Væntingar foreldra um iðnnám	28,6%	10 _{/35}	2,3%	15,1%	267 _{/1848}	13,5%*


Allur gangur er á virkni foreldra í námi barna sinna. 80% svara því þó játandi að þeir hafi afskipti af námi barna sinna 2 í viku eða oftar. Tæp 84% telja heimavinnu nemenda hæfilega og segja tæp 90% af aðstoð við heimavinu taki 30 mínútur eða minna. Væntingar foreldra um háskólanám barna sinna fer upp á milli ára og telja fleiri að barnið þeirra ljúki háskólaprófi nú en gerðu í fyrra. Að sama skapi telja fleiri að barnið þeirra ljúki iðnámi en gerðu í fyrra.

Hvaða námsgráðu átt þú von á að barnið þitt ljúki?

2018:




2019:



2020

5.5.1 Hvaða námsgráðu átt þú von á að barnið þitt ljúki?



4.5 STARFSMANNAKÖNNUN

Spurningum starfsmanna er skipt í eftirfarandi flokka: *starfið, starfsmenn, vinnustaðurinn, stjórnun, kennarastarfið, starfsumhverfi kennara, símenntun kennara og opin svör*. Misjafnt er eftir starfsheiti hvaða spurningum hver starfsmaður svarar

4.5.1 Allir starfsmenn – starfið

1. Starfið

Matsþættir ↑↓	Niðurstaða	N	Breyting	Landið	N	Mismunur
1.1. Vinnuálag	3,4	22	-	4,8	2.473	-1,4*
1.2. Skýrleiki hlutverks	5,6	22	-	4,9	2.469	0,7
1.3. Ágreiningur um hlutverk	3,8	22	-	4,9	2.474	-1,1*
1.4. Jákvæðar áskoranir í starfi	5,6	22	-	5,2	2.473	0,4

Undir liðnum vinnuálag er starfsfólk spurt hvort vinnuálagið sé óreglulegt svo verkefnin hlaðist upp, hvort vinna þurfi á miklum hraða og hvort fólk telji sig hafa of mikið að gera. Svörun við allar spurningarnar þrjár var 100%. Bæði kennarar og starfsfólk telja sig vera undir minna vinnuálagi en almennt gerist á landsvísu.



Myndin sýnir niðurstöður kennarahópsins í samanburði við niðurstöður annars starfsfólks.

Spurningar sem mynda matsþátt:





Í öðrum spurningum í fyrsta matsþætti kemur fram að starfsfólk skólans telur hlutverk sitt vera skýrt og það fái ekki misvísandi skilaboð um hvert þeirra hlutverk er. Starfsfólk veit hvað fellur undir þeirra ábyrgð, starfsfólk telur sig fá viðeigandi úrræði til að leysa þau verkefni sem þeim eru sett fyrir og telur kunnáttu sína og færni nýttast vel í starfi. Yfir 95% starfsmanna telja starfið sitt mikilvægt. Í öllum matsþáttum fyrsta hluta skorar Höfðaskóli hærra en almennt gerist á landsvísu.


4.5.3 Allir starfsmenn – Leikni í starfi og fleira.


2. Starfsmenn

Matsþættir ↑↓	Niðurstaða	N	Breyting	Landið	N	Mismunur
2.1. Leikni í starfi	4,7	22	-	5,0	2.451	-0,3
2.2. Skuldbinding til vinnustaðarins	5,6	22	-	5,2	2.451	0,4
2.3. Skörun vinnu og einkalífs	3,8	22	-	5,0	2.450	-1,2*

Í fyrsta matsþætti í öðrum lið skorar Höfðaskóli örlítið undir landsmeðaltali. Svörun við allar spurningarnar þrjár var 100%

Spurningarnar sem mynda matsþátt í þeim lið eru eftirfarandi:





Undir liðnum skuldbinding til vinnustaðarins er Höfðaskóli yfir landsmeðaltali. Tæp 90% eru mjög sammála því að þeir segi vinum sínum að vinnustaðurinn sé góður, rúm 90% telja gildi sín samræmast vel gildum vinnustaðarins og rúm 90% telja einnig að vinnustaðurinn veiti þeim hvatningu til að standa sig sem allra best í starfi. Höfðaskóli er töluvert undir landsmeðaltali þegar spurt er hvort kröfurnar í vinnunni trufli heimilis- og fjölskyldulíf þeirra, en rúm 80% segja það sjaldan eða aldrei gerast.

4.5.4 Starfsmenn – vinnustaðurinn

3. Vinnustaðurinn


Matsþættir ↑↓	Niðurstaða	N	Breyting	Landið	N	Mismunur
3.1. Starfsandi	5,9	21	-	5,3	2.434	0,6
3.2. Stuðningur frá samstarfsfólki	5,6	22	-	5,1	2.422	0,5
3.3. Stuðningur við nýsköpun	5,8	22	-	5,2	2.417	0,6
3.4. Mismunur	4,0	22	-	4,8	2.421	-0,8*
3.5. Einelti (þú)	0%	0 _{/21}	-	3,9%	84 _{/2113}	-3,9%
3.6. Einelti (séð 2 eða fleiri lagða í einelti)	0%	0 _{/21}	-	3,8%	90 _{/2386}	-3,8%

Höfðaskóli kemur einnig mjög vel út úr þeim hluta sem snýr að vinnustaðnum. Í fyrsta lið er spurt út í starfsanda, rúm 95% telja starfsandan fremur mikið eða mjög mikið hvetjandi og styðjandi, 80% telja starfsandan að mjög litlu leyti eða alls ekki

einkennast af tortryggni og vantrausti og 95% telja starfsandan afslappaðan og þæginlegan. Þegar spurt er um stuðning frá samstarfsfólki telja rúm 90% sig mjög oft eða alltaf geta fengið stuðning og aðstoð frá samstarfsfólki og telur samstarfsfólk sitt vilja hlusta á þau vandamál sem kunna að koma upp í vinnunni. Spurningar sem snúa að nýsköpun koma vel út, starfsfólk telur sig og aðra sína frumkvæði, starfsmenn telja stjórnendur hvetja sig til að koma með tillögur að úrbótum og samskiptin eru almenn talin mjög góð.

Þegar spurt ert út í mismunun telja 95% að framkoma gagnvart konum og körlum sé ætíð sú sama og að eins sé komið fram við starfsfólk óháð aldri. Það sem er sérstaklega ánægjulegt er að enginn starfsmaður telur sig hafa orðið fyrir einelti eða áreitni síðustu sex mánuði né heldur séð aðra lagða í einelti að orðið fyrir áreitni.

3.5.1 Hefur þú orðið fyrir einelti eða áreitni á vinnustaðnum undanfarna sex mánuði?



3.6.1 Hversu marga (aðra en þig) hefurðu séð lagða í einelti eða verða fyrir áreitni á þínum vinnustað undanfarna sex mánuði?*




4.5.5. Stjórnun – allir starfsmenn

4. Stjórnun

Matsþættir ↑↓	Niðurstaða	N	Breyting	Landið	N	Mismunur
4.1. Stuðningur frá næsta yfirmanni	5,8	21	-	5,3	2.372	0,5
4.2. Sanngjörn forysta	5,7	21	-	5,3	2.365	0,4
4.3. Valdeflandi forysta	5,5	21	-	5,1	2.334	0,4
4.4. Ræktun mannaúðs	6,2	22	-	5,3	2.369	0,9*
4.5. Starfsmannaviðtöl undanfarið ár	95,2%	20 _{/21}	-4,8%	77,8%	1909 _{/2433}	17,4%
4.6. Gagnsemi starfsmannaviðtals	94,7%	18 _{/19}	1,4%	88,1%	1563 _{/1797}	6,6%

Allir starfsmenn Höfðaskóla telja sig geta fengið stuðning og aðstoð frá næsta yfirmanni fremur oft eða mjög oft/alltaf. Sama má segja um að starfsmenn telja næsta yfirmann fúsan til að hlusta á vandamál sem upp koma í vinnunni og telur starfsfólk yfirmann sinn meta vinnuframlag þeirra að verðleikum. Almennt er starfsfólk sammála um að þau fái að taka þátt í mikilvægum ákvarðanatökum eftir því sem við á. 85% telja að yfirmaður þeirra hjálpi þeim að auka færni sína í starfi. 90% starfsmanna segir að þeim sé umbunað fyrir vel unnin störf og 100% starfsmanna telja að vel sé hugsað um starfsfólk á vinnustaðnum þeirra. 90% telja að vinnustaðnum sé umhugað um heilsufar og velferð starfsfólksins.

Allir starfsmenn nema einn segjast hafa farið í starfsmannaviðtal síðustu 12 mánuði. Tæp 95% starfsfólks telja starfsmannaviðtalið hafa verið gagnlegt eða mjög gagnlegt.



Myndin sýnir hvernig niðurstöður skólans og niðurstöður viðmiðunarhópsins breytast á milli ára.

4.5.6 Kennarar – kennarastarfið

5. Kennarar - Kennarastarfið

Matsþættir ↑↓	Niðurstaða	N	Breyting	Landið	N	Mismunur
5.1. Ánægja með kennarastarfið	6,3	10	0,9	5,4	1.570	0,9
5.2. Trú kennara skólans á eigin getu	5,2	10	0,2	4,9	1.570	0,3
5.3. Upplýsingamiðlun til foreldra	4,9	9	-0,8	5,0	1.418	-0,1
5.4. Áætlaður meðaltími í heimavinnu nemenda á viku	34,3 mín	7	2,4 mín	41,4 mín	1.358	-7,1 mín
5.5. Undirbúningur kennslu í skólanum	80,0%	8 _{/10}	7,3%	69,4%	1105 _{/1501}	10,6%
5.6. Öllum þekktum kennt í einu	44,4%	4 _{/9}	-1,0%	48,3%	757 _{/1503}	-3,9%
5.7. Hópavinna í bekk	33,3%	3 _{/9}	-30,3%	35,0%	458 _{/1420}	-1,7%
5.8. Einstaklingsvinna í bekk	55,6%	5 _{/9}	10,1%	31,5%	464 _{/1509}	24,1%
5.9. Einstaklingsmiðuð kennsla	60,0%	6 _{/10}	-21,8%	54,3%	804 _{/1545}	5,7%
5.10. Áhersla kennara á námsmat með prófum	10,0%	1 _{/10}	0,9%	13,0%	194 _{/1452}	-3,0%
5.11. Áhersla kennara á námsmat með öðru en prófum	80,0%	8 _{/10}	-1,8%	75,5%	1171 _{/1562}	4,5%
5.12. Áhersla kennara á námsmat með öðru en prófum (annað)	-	0	-	-	-	-


Ánægja kennara með kennarastarfið hefur aukist á milli ára og er Höfðaskóli töluvert fyrir ofan landsmeðaltal. Kennarar telja að kennarahópurinn í skólanum sé ánægður í starfi, fólk hafi eldmóð til að sinna starfi sínu vel og á heildina litið er fólk ánægt með starfið sitt. Kennarar telja flestir að þeir eigi auðvelt með að ná til nemenda og náði góðum árangri með námshópnum sínum. Flestir telja sig geta náð árangri með erfiðustu nemendurnar og telja kennara í Höfðaskóla hafa áhuga á því sem nemendur segja.

Upplýsingamiðlun til foreldra hefur dalað að mati kennara. Kennarar telja að hægt væri að vera oftar í sambandi við foreldra bæði varðandi námsárangur sem og hegðun og líðan. Kennarar segja nemendur eyði svipuðum tíma í heimavinnu nú og áður eða um 40 mínútum á viku að meðatali.




80% kennara segja að undirbúningur kennslu fari að mestu fram í skólanum og hefur undirbúningur utan skólans því minnkað frá því í fyrra. Svör kennara um hvort þeir kenni öllum námshópnum í einu dreyfast mjög og er því misjafnt hvernig kennsluhættir eru milli hópa. Þegar spurt er út í fyrirkomulag hópavinnu í bekk hafa aðferðir kennara breyst og er misjafnt eftir hvaða aðferðum þeir fara við að skipta nemendum í hópa. Einstaklingsvinna hefur aukist frá fyrra ári og vinna nemendur nú mikið eftir þeim markmiðum sem þeir og kennararnir setja þeim. Einstaklingsmiðuð


kennsla hefur dalað frá fyrra ári og er margt sem getur útskýrt það, t.d. þörf nemenda innan hópa frá ári til árs.

5.9.1 Ég nota einstaklingsmiðaða kennslu (skipulag á einstaklingsmiðuðu námi þar sem tekið er tillit til ólíkra þarfa nemandans, að hæfni nemenda í færniþáttunum er mismikil, byrjunarreitur ekki sá sami hjá öllum og námshraði mismunandi)



Svörun varðandi próf skiptist mjög jafnt og má áætla að meiri áhersla sé lögð á próf í eldri bekkjum en þeim yngri. Almennt leggja kennarar mikla áherslu á fjölbreytt námsmat þar sem ýmsir þættir koma inn, t.d. símat, jafningjamat og fleira.






4.5.7 Kennarar – starfsumhverfi kennara

6. Kennarar - Starfsumhverfi kennara

Matsþættir ↑↓	Niðurstæða	N	Breyting	Landið	N	Mismunur
6.1. Stuðningur við kennara vegna nem. með námserfiðleika	5,4	10	-0,6	5,3	1.379	0,1
6.2. Stuðningur við kennara vegna hegðunarörðugleika nem.	5,9	9	-0,7	5,4	1.353	0,5
6.3. Faglegur stuðningur skólæstjóra við kennara	7,1	10	0,4	5,0	1.537	2,1*
6.4. Samráð um kennslu	5,1	10	-0,4	5,0	1.502	0,1
6.5. Samvinna um kennslu	6,4	10	0,5	5,6	1.403	0,8*

70% kennara telja sig oft hafa aðgang að kennara eða öðru starfsfólki til að vinna með þeim nemendum sem eiga erfitt með nem inni í kennslustofunni. Kennarar eru þó almennt sammála um að ekki sé nægur aðgangur að aðstoð utan kennslustofunnar og að auka þurfi við sérkennslu. Einnig telja kennarar að gott væri að fá meiri utanaðkomandi aðstoð, t.d. talkennara og þess háttar. Faglegur stuðningur skólæstjóra við kennara hefur aukist á milli ára sem og samvinna um kennslu.



4.5.8. Kennarar – símenntun kennara

7. Kennarar - Símenntun kennara

Matsþættir ↑↓	Niðurstaða	N	Breyting	Landið	N	Mismunur
7.1. Fjöldi daga í símenntun undanfarið ár	40,0%	4 _{/10}	-5,5%	45,0%	697 _{/1521}	-5,0%
7.2. Símenntunarpörf kennara	6,2	10	0,9	5,3	1.532	0,9*
7.3. Símenntunarpörf kennara (annað)	-	0	-	-	-	-
7.4. Hlutfall kennara sem hefðu viljað meiri símenntun undanf. 12 mán.	70,0%	7 _{/10}	-2,7%	49,2%	777 _{/1535}	20,8%
7.5. Hindranir í símenntun kennara	-	-	-	-	-	-
7.6. Leiðir kennara til að auka eigin þekkingu/færni sl. 12 mán.	-	9	-	-	-	-

Fjöldi daga sem kennarar hafa sinnt símenntun hefur fækkað örlítið og er margt sem getur spilað þar inní, t.d. fjöldi námskeiða sem haldin eru, veðurfar til að komast á milli staða og fleira. Margar góðar hugmyndir komu fram um hverskonar símenntun kennarar vilja sækja og munu stjórnendur reyna verða við þeim beiðnum. Margir vilja taka þátt í meiri símenntun og verður reynt að bregðast við því.

7.4.1 Á síðustu 12 mánuðum, hefðir þú viljað taka þátt í meiri símenntun en þú gerðir?



Kennarar hafa gert ótal margt til að auka þekkingu sína undanfarna mánuði, unnið samstarfsverkefni, sótt námskeið, fyrirlestra og ráðstefnur.

4.5.9. Opin svör – Allir starfsmenn

Það er margt sem kom fram þegar starfsfólk var spurt út í hvað þeim finnst gott við vinnustaðinn sinn. Sem dæmi má nefna var talað um aflsappað andrúmsloft og góðan vinnuanda, góðan mórál, skilningsríka yfirmenn og trausta, mikil og góð samkennd, traust milli starfsmanna, hjálpsemi, kærleikur og margt fleira.

Þegar spurt er út í hvað mætti bæta er ekki margt sem kemur fram, þó eru loftgæði nefnd af fleirum en einum, finna þurfi betri húsnæði fyrir frístund og of mikið sé um veikindi og frí.

4.6 Námsmat skóla

Höfðaskóli er með tveggja anna kerfi. Nemendaviðtöl voru haldin þegar fyrri önn lauk þar sem niðurstöður námsmats var komið til nemenda og forráðamanna þeirra. Ekki eru haldnir sérstakir prófadagar heldur fléttast námsmatið inn í skólastarfið og lögð er áhersla á fjölbreytt námsmat. Í ár snerist endurmenntun kennara um leiðsagnarmat og teymiskennslu í samstarfi við aðra skóla í Húnavatnssýslum.

4.7 Umbætur - Áskoranir

Með því að nota Skólapúlsinn skuldbindum við okkur til að grípa til aðgerða þar sem þess er þörf og festa í sessi það sem hefur gefist vel í skólanum. Niðurstöður Skólapúlsins hafa verið kynntar starfsmönnum skólans um leið og þær hafa borist. Helstu áskoranir næsta skólaár í því að bæta það sem betur má gera snúast um eftirfarandi:

- Finna frístund betri aðstöðu
- Auka foreldrasamstarf
- Fá meiri símennt fyrir starfsfólk hingað á svæðið

5 Að lokum

Skólapúlsinn bendir okkur réttilega á að við verðum að bregðast við ákveðnum annmörkum og verður hafist handa strax við að greina þessa annmarka og gera umbótaáætlun í kjölfarið.

Gott skólastarf byggir á því að allir vinni að sama takmarki, bæði starfsfólk, heimilin og nemendur. Við viljum að öllum líði hér vel og hljótum að taka þær athugasemdir alvarlega sem fram koma í könnun Skólapúlsins. Höfðaskóli (nemendur, foreldrar, starfsmenn) má vera stoltur af flestu því sem kemur fram í Skólapúlsinum og vera ánægður með það sem vel er gert. Höfðaskóli er metnaðarfullur skóli þar sem hver einstaklingur á að fá að njóta sín og honum mætt á einstaklingsgrundvelli.

Allir, þ.e. starfsmenn, foreldrar og nemendur þurfa að huga að samræðunni, samskiptunum og síðast en ekki síst virðingu fyrir hvert öðru.

Munum einkunnaorð skólans VINSEMD – VIRÐING – STYRKUR.